

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1906.

Tilskipun um breyting á 9. grein í tilskipun 20. janúar 1899 um alþjóðlegar sjóferðareglur, er fylgt skal á íslenskum skipum, undirskrifuð af konungi 11. desbr. 1906 (A nr. 18, bls. 70—75).

Brjef stjórnarráðsins til biskups um sölu kirkjujarðar.

1

Samkvæmt þegnlegri tillögu stjórnarráðsins hefir hans Hátígn konunginum 3. f. m. allramildilegast þóknast að veita allrahæst samþykki sitt til þess, að selja megi jörðina Syðra Skógskot í Miðdalahreppi, sem er eign Sudurdalabinga í Dalaprófastdæmi, undan nefndu prestakalli fyrir 1500 kr. með þeim skilyrðum, að söluandvirði jarðarinnar ávaxtist undir umsjón biskups sem óskerðanlegur höfuðstóll, er sje eign prestakallsins, með að minsta kosti 4% í vöxtu, að 3 kr. af hinum árlegu vöxtum leggist við höfuðstólinn, en að öðru leyti njóti beneficiarius vaxtanna, og að jörðin verði framvegis skoðuð sem bændaeign, að því er skatta og skyldur snertir.

Þetta er yður, háæruverðugi herra, til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að því viðbættu, að verði höfuðstólnum varið til að kaupa fyrir veðdeildarbrjef í Landsbankanum, skulu brjefin send hingað til þess að ritað verði á þau, að þau sjeu eign prestakallsins, og ákvæði um, að ekki megi afhenda þau.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu um skifting Hálshrepps í tvö sveitarfjelög.

2

18. jan.

Með brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 16. nóv. f. á., hefir stjórnarráðinu borist erindi frá Hálshreppi í Sudurþingeyjarsýslu um skifting þessa hrepps í tvö sveitarfjelög ásamt meðmælum hlutaðeigandi sýslunefndar með því, að skifting þessi verði leyfð.

Út af þessu skal hjer með, samkvæmt sveitarstjórnarlögum 10. nóvbr. 1905, skipað svo fyrir sem hjer segir:

1. Hálshreppi í Sudurþingeyjarsýslu skal skift í tvö sveitarfjelög, þannig að takmörkin milli hinna nýju hreppa verði Eyvindarárgil og Urðargil á Flatheyjardalsheiði, og nefnist nýrðri hlutinn Flateyjarhreppur, en syðri hlutinn Hálshreppur.
2. Öllum eignum, skuldum og sveitarþyngslum hins núverandi Hálshrepps, þeim er verða, þegar skiftingin fer fram, skal skift þannig milli hinna nýju hreppa, að í hlut Flateyjarhrepps komi $\frac{1}{8}$ hlutur, en í hlut Hálshrepps $\frac{7}{8}$ hlutar, og eftir sama hlutfalli skal skifta sveitarþyngslum þeim, er síðar kunna til að koma, og eiga rót sína í fjelagsskap þeim, sem hingað til hefir átt sjer stað